

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Naustavör 5A. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúinn í Kópavogi 21. febrúar 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. mgr. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Kársnes-Bryggjuhverfi fyrir lóðina nr. 5A við Naustavör. Í breytingunni felst að lóðin sem er 4 x 4 m og 16 m² er stækkuð, til norðurs og austurs, í 5 x 7 m eða 35 m². Er það gert til þess að koma fyrir tveggja spenna einingastöð. Flatarmál dreifistöðvarinnar er 15,06 m².

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 20. mars 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. apríl 2025